

## **Aganefnd LH**

### **Mál nr. 3/2005**

Aganefnd LH kom saman 9. júní 2005. Í aganefnd eru Guðni Indriðason formaður, Atli Már Ingólfsson, Þorvaldur Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson og Sæþór Fannberg.

#### **Tekið er fyrir mál nr. 2/2004,**

Frá yfirdómnefnd á Opna norðurlandsmótinu í hestaþróttum hjá Létti, á Hlíðarholtsvelli á Akureyri, 4. og 5. júní 2005/Þorvar Þorsteinsson kt.:050265-3239 skráður keppandi mótsins.

Tekin er fyrir skýrsla yfirdómnefndar á Opna norðurlandsmótinu í hestaþróttum hjá Létti sem haldið var á Hlíðarholtsvelli á Akureyri, 4. og 5. júní 2005.

Yfirdómnefnd mótsins skipuðu:

Einar Ó Grant, yfirdómari

Áslaug Kristjánsdóttir, mótstjóri

Birgir Árnason, fulltrúi knapa.

Fyrir liggur skýrsla yfirdómnefndar mótsins.

#### **Málsatvik:**

Í skýrslu yfirdómnefndar kemur fram að knapi, Þorvar Þorsteinsson mætti ekki til keppni og tilkynnti ekki forföll með löglegum hætti.

#### **Niðurstaða aganefndar LH:**

Niðurstaða Aganefndar LH er að samkvæmt skýrslu yfirdómnefndar hefur yfirdómnefnd ekki úrskurðað í málinu t.d. með rauðu eða gulu spjaldi og því vísar Aganefnd málinu frá.

#### **Forsendur fyrir niðurstöðu aganefndar:**

##### **2.7.9.3 Yfirdómnefnd**

Gerist aðilar brotlegir við lög og reglugerðir LH og ÍSÍ á mótum, skal yfirdómnefnd beita viðurlögum samkvæmt grein þessari. Yfirdómnefnd kveður upp úrskurð með því að:

- a) fella málið niður.
- b) veita hlutaðeigandi aðvörun án spjalds.
- c) veita áminningu með gulu spjaldi.
- d) sýna hlutaðeigandi rautt spjald og vísa honum frá keppni.

Yfirdómnefnd er heimild að fella niður árangur þegar keppanda er vísað úr keppni. Hún sendir skýrslu til aganefndar LH, og hefur heimild til að kæra brot til nefndarinnar, telji hún þörf á því. Þar með hefur Yfirdómnefndin lokið störfum.

Aðild að málinu er rétt.

Reykjavík 09.06.2004

Guðni Indriðason

Atli Már Ingólfsson

Þorvaldur Sigurðsson

Þórarinn Þórarinsson

Sæþór Fannberg